

Borgarráð

Tillaga varðandi kaup á hlut OR í Neyðarlínunni ohf.

Lagt er til að Reykjavíkurborg kaupi 7,89% hlut Orkuveitu Reykjavíkur í Neyðarlínunni ohf. á kr. 12,5 m.kr. Jafnframt er lagt til að hlutabréfin verði afhent Reykjavíkurborg sem hluti af væntanlegri arðgreiðslu til Reykjavíkurborgar.

Greinargerð:

Neyðarlínan ohf. er opinbert hlutafélag sem hefur þann tilgang að reka neyðarvakstöð vegna neyðarnúmersins 112, sinna svörun neyðarboða, boðun viðbragðsaðila, vöktun öryggiskerfa og skyldum rekstri. Félagið er ekki rekið með hagnaðarsjónarmið í huga heldur er miðað við að rekstrartekjur standi undir kostnaði og fjárfestingum.

Eigendur félagsins eru ríkissjóður (73,7%), Reykjavíkurborg (10,5%), Orkuveita Reykjavíkur (7,9%) og Landsvirkjun (7,9%). Að undanfögnu hefur verið til skoðunar að einfalda eignarhald félagsins og til stendur að ríkissjóður eignist framangreindan hlut Landsvirkjunar í félaginu með sama hætti og tillaga þessi gerir ráð fyrir að Reykjavíkurborg eignist hlut Orkuveitu Reykjavíkur.

Með þessu móti er tryggt að Reykjavíkurborg geti í krafti eigin eignarhluta átt einn aðalmann í stjórn félagsins. Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum komið með þeim hætti að stjórn félagsins og fela þessi kaup í sér að svo verður áfram.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fjallaði um málið á fundi sínum 28. janúar sl. og féllst á að selja Reykjavíkurborg umræddan hlut á þessu verði. Matið á verðmæti eignarhlutans er miðað við hlutdeild í eigin fé félagsins, í ljósi þess að félagið er ekki rekið með hagnaðarsjónarmið í huga heldur er miðað við að rekstrartekjur standi undir kostnaði og fjárfestingu. Sama aðferð er notuð við verðmat á hlut Landsvirkjunar í Neyðarlínunni ohf., sbr. áform ríkissjóðs um að eignast hlut Landsvirkjunar í félaginu og stefnt að því að greitt verði fyrir umræddan eignarhlut með sama hætti og hér er lagt til.

Fjármálastjóra var falið á síðasta ári að fara nánar yfir þau áform sem hér er gerð tillaga um og fylgir minnisblað hans dags. 14. nóvember 2018 með tillögu þessari.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað fjármálastjóra til borgarstjóra um einföldun á eignarhaldi Neyðarlínunnar ohf.



Minnisblað

Efni: Tillaga um einföldun á eignarhaldi Neyðarlínunnar ohf.
Viðtakandi: Borgarstjóri
Sendandi: Fjármálastjóri

Borgarritari fól fjármálaskrifstofu fyrr á þessu ári að skoða tillögu fjármála- og efnahagsmálaráðuneytisins um „...einföldun á eignarhaldi í Neyðarlínunni, sem felst í því að ríkið annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar kaupi eignarhluta Landsvirkjunar (ríkið) og OR (RVK).“ Borgarritari sendi fjármálaskrifstofu jafnframt minnisblað um verðmæti Neyðarlínunnar ohf. og mat á virði hlutabréfa í félaginu og óskaði eftir að rýningu á minnisblaðinu í tengslum við fyrirliggjandi tillögu um að einfalda eignarhald á félaginu.

Efni minnisblaðsins, sem er skrifað fyrir Fjármála- og efnahagsráðuneytið, snýr að eignarhluta Landsvirkjunar í Neyðarlínunni ohf. Í minnisblaðinu leggur Knútur Þórhallsson, löggildur endurskoðandi, mat á virði umrædds hlutar með það fyrir augum að ríkissjóður kaupi hlutinn. En hugmyndir um einfaldara eignarhald á Neyðarlínunni snúa að því að ríkissjóður kaupi hlut Landsvirkjunar og að Reykjavíkurborg kaupi hlut Orkuveitu Reykjavíkur, sem er 7,9% af útgefnu hlutafé líkt og hlutur Landsvirkjunar.

Verðmat Knúts er byggt á innra virði hlutabréfa Neyðarlínunnar m.v. ársreikning 2016 þar sem ársreikningur 2017 lá ekki fyrir. Þeirri aðferð er beitt í ljósi þess að tekjur félagsins eru að mestu háðar opinberri fjárveitingu og þeirri staðreynd að félagið sé ekki rekið með hagnaðarsjónarmið í huga heldur að rekstur þess sé sjálfbær. Þar af leiðandi telur Knútur að hefðbundnar verðmats aðferðir eigi ekki við, s.s. sjóðstreymisaðferð (free cash flow) eða verðmat byggt á grundvelli kennitalna eða samanburðargreiningar. Í lok árs 2016 var eigið fé Neyðarlínunnar 155.318.267 kr. en útgefið hlutafé er 19.000.000 kr. að nafnvirði. Innra virði hlutabréfa félagsins er því 8,1746456 fyrir hvern hlut (1 kr. nafnverðs). Út frá slíku verðmati er hlutur Landsvirkjunar 12.261.968 króna virði og sama gildir fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Í minnisblaðinu metur Knútur að verðmæti hluta Landsvirkjunar sé í raun 10% hærra eða 13.500.000 kr. en ástæður þessa eru óverulegur rekstrarhagnaður á árinu 2017.

Eftir að hafa lesið yfir umrætt minnisblað hafði sérfræðingur fjármálaskrifstofu samband við Þórhall Ólafsson, framkvæmdarstjóra Neyðarlínunnar, og óskaði eftir ársreikningi fyrir árið 2017 og varð hann við þeirri beiðni. Hagnaður Neyðarlínunnar fyrir árið 2017 var 2.661.136 krónur og hækkaði eigið fé sem því nemur. Það gerir innra virði hlutabréfa félagsins 8,314705 fyrir hvern hlut og verðmæti hlutar Landsvirkjunar 12.472.058 krónur. Það má því leiða að því líkum að gert sé ráð fyrir framtíðarhagnaði í mati Knúts.



Neyðarlínan ohf. er hins vegar að glíma við ákveðinn óleystan rekstrarvanda og því óvíst hvort gera eigi ráð fyrir hagnaði í framtíðinni auk þess sem félagið er ekki rekið á grundvelli hagnaðarsjónarmiða. Við skoðun á ársreikningum frá 2010 til 2017 kemur í ljós að það hefur verið tap á grunnrekstri Neyðarlínunnar frá árinu 2014, þ.e.a.s. rekstrartekjur eru minni en rekstrargjöld. Frá árinu 2010 hafa tekjur Neyðarlínunnar aukist um 5,95% á ári að jafnaði. Á sama tíma hafa stæstu útgjaldaliðir félagsins sem eru laun og launatengd gjöld og rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar aukist um 10,12% ,leiðrétt fyrir færslu milli liða árið 2017¹, en þessi gjöld samstanda af um 80% af rekstrarkostnaði félagsins. Árið 2017 fór um 81% af tekjum Neyðarlínunnar til greiðslu á þessum kostnaði. Það er því ljóst að grunnrekstur Neyðarlínunnar er ekki sjálfbær.

Fjármálaskrifstofa sendi fyrirspurn til framkvæmdarstjóra Neyðarlínunnar vegna ójafnvægis í grunnrekstri og gaf hann þær skýringar að tekjur frá ríkinu hefðu dregist saman ásamt því að ný verkefni hefðu bæst við án frekari fjárveitinga en um 60% af tekjum félagsins koma frá ríkinu og um 30% frá öðrum opinberum aðilum. Fjármálaskrifstofa spurði einnig hvort félagið hefði greitt út arð eða hvort eigendur hefðu þurft að greiða rekstrarframlag eða auka hlutfé vegna rekstrarerfiðleika. Í báðum tilfellum var svarið nei og taldi framkvæmdastjórinn að ef þörf yrði fyrir aukið fjármagn í framtíðinni kæmi það fjármagn úr ríkissjóði.

Sé litið á málið út frá hugsanlegum kaupum Reykjavíkurborgar á eignarhlut Orkuveitu Reykjavíkur í Neyðarlínunni er ljóst að hluturinn muni ekki skila arði né hafa verulegt fjárhagslegt gildi fyrir borgina en ólíklegt virðist vera að honum fylgi verulegar fjárhagslegar kvaðir heldur. Þann þátt er þó ekki hægt að útiloka. Taka verður í þessu samhengi einnig tiællit til þess að Reykjavíkurborg hefur ákveðna hagsmuni af starfsemi félagsins, en það kemur meðal annars að uppsetningu eftirlitsmyndavéla í miðbæ Reykjavíkur í samstarfi við borgina og lögregluna og ýmis fleiri verkefni sem snerta hag borgarinnar Þannig geta falist ákveðin verðmæti í kaupum borgarsjóðs á hlut Orkuveitu Reykjavíkur og tryggja þar með áframhaldandi setu fulltrúa hennar í stjórn félagsins.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

¹ Árið 2017 var fasteignadeild Neyðarlínunnar stofnuð til að ná betur utan um kostnað og leigutekjur í tengslum við tækni- og fjarskiptabúnað og við það færðust rekstrargjöld úr rekstri tækni- og fjarskiptabúnaðs yfir í rekstur húsnæðis.